

1863. gjört, og að senda síðan lagafrumvarpið hingað, eptir að búið
28. febrúarm. er að bera það undir álit synóðusar.

Að endingu lætur stjórnarráðið hér með fylgja annað eptir-
ritið, er þér hingað senduð, af brauðamatsgjörðinni frá 1853,
til þess það verði aukið og lagað, og eruð þér beðnir að senda
það hingað aptur að því búnu.

28. febrúarm. **17. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um lán til að setja upp girðing við
Orfirisey.**

Í bænarskrá, er hingað barst með bréfi yðar, herra stipt-
amtmaður, dagsettu 10. októberm. f. á., hefir Árni Thorsteins-
son, landfógeti og bæjarfógeti í Reykjavík, sótt um að fá að
láni úr ríkissjóði allt að 120 rdl. til að koma upp fyrir fê
þetta girðing, er geti verið til varnar á Orfirisey (*Effersey*),
sem landfógetanum er fengin til afnota, með þeim kjörum, að
skuldin hvíli á embættinu og gjaldist af henni 6 af hundraði á
ári í 28 ár samfleytt í vöxtu og borgun höfuðstólsins.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar
og til þess þér kunngjörð það, að lán það, sem hér er um sótt,
eigi getur fengizt úr ríkissjóðnum, en eptir atvikum málsins sê
ekkert því til fyrirstöðu frá stjórnarráðsins hálfu, að beiðandinn,
ef hann á einhvern annan hátt getur útvegað fê þetta, taki lán
upp á embættið í áður greindum tilgangi, og fari það eigi fram
yfir 120 rdl., með þeim skilmálum, að hann og eptirmenn hans
í embættinu greiði af því vöxtu og borgi höfuðstólinn á þann
hátt, sem fyr er sagt; og ber honum þá, þegar þar að kemur,
að gjöra grein fyrir, að fênu hafi verið rétt varið; svo á og
landfógetinn að vera skyldur að viðhalda girðingunni.